

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 615/1996.

1. gr.

Við 34. gr. samþykktarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Heimilt er að skrá fundargerð í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Fundargerðir skulu blaðsíðusettar í áframhaldandi töluröð og skulu bæjarfulltrúar undirrita útprentaða fundargerð í fundarlok. Forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna skulu setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu fundargerðarinnar. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Heimilt er að beita ákvæði þessu við ritun fundargerða allra nefnda bæjarfélagsins.

2. gr.

1. másl. 49. gr. samþykktarinnar orðast svo: Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í mánuði, 1., 3. og 4. fimmtudag hvers mánaðar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. samþykktarinnar:

a. 1. tölul. B orðast svo:

Almannavarnanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Kjósa skal einn mann í almannavarnanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og annan til vara. Ennfremur skal kjósa þrjá menn og jafnmarga til vara í viðlagahóp fyrir Bíldudal og einn viðlagafulltrúa og annan til vara fyrir hvort hverfi, Rauðasands- og Barðastrandahverfi. Bæjarstjórn kýs formann viðlagahóps á Bíldudal. Þessir aðilar starfa með og undir yfirstjórn almannavarnanefndar á hættutímum. Formaður viðlagahóps á Bíldudal sitji reglulega fundi almannavarnanefndar en viðlagafulltrúar hinna hverfanna þegar við á og formaður ákveður.

b. 5. tölul. B orðast svo:

Skipulags-, umhverfis- og byggingarnefnd. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin annast skipulags-, umhverfis- og byggingarmál skv. lögum sem um þessa málaflokka gilda hverju sinni. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.

c. Við B hluta bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórnir á Vestfjarðasvæði skulu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Við 64. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., og orðast svo:

Bæjarstjóri gegnir embætti hafnarstjóra. Hafnarstjóri hefur sömu réttindi og skyldur gagnvart hafnarstjórn og bæjarstjóri gagnvart bæjarstjórn, sbr. 1.-4. mgr. þessarar greinar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.